

Minnisblað

Fjölskylduráð

24.janúar 2022

Öldungaráð starfar í umboði bæjarstjórnar samkvæmt 8. og 10. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum og laga nr.125/1991 um málefni aldraðra 6., 7. og 8. gr. .

Hlutverk öldungaráðs er að gæta hagsmuna eldri borgara í Hafnarfirði. Öldungaráð er bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni eldri borgara og skal ráðið hafa sem víðtækast samráð við samtök eldri borgara í Hafnarfirði. Samráð sem hér um ræðir er tvíþætt, annarsvegar samráð við einstaka notendur í málum sem varða þá sjálfa og samráð um stefnumótun og við hópa notenda um framþróun þjónustunnar. Það er hlutverk öldungaráðs að fylgjast með velferð eldra fólks í sveitarfélaginu og gera tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu.

Öldungaráð veita umsögn um þjónustu sem félagasamtök, sjálfseignarstofnanir og aðrir þjónustu- og rekstraraðilar hyggjast veita samkvæmt ákvæðum laga.

Öldungaráð hefur fundi að minnsta kosti sjö sinnum á ári sem greitt er fyrir skv. reglum sveitarfélagsins um störf nefnda og ráða á vegum Hafnarfjarðar. Öldungaráð fundar oftast ef þurfa þykir. Rita skal fundargerðir og senda fjölskylduráði jafnóðum. Fundargerðir skulu vera aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið leggur öldungaráði til starfsaðstöðu og starfsmann sem ritar fundargerðir. Í öldungaráði sitja sjö fulltrúar. Bæjarstjórn tilnefnir þrjá fulltrúa og tvo til vara. Félag eldri borgara tilnefnir þrjá fulltrúa í öldungaráðið og tvo til vara og einn fulltrúi er frá heilsugæslu Hafnarfjarðar og einn til vara.

Reglur um öldungaráð voru samþykktar í fjölskylduráði 15.mars 2019.

Árið 2022 hélt öldungaráð níu fundi. Öldungaráð telur að ráðið komist af með núverandi sjö fundi á ári. Öldungaráð er með fastan fundartíma, annan þriðjudag í hverjum mánuði.

Sjöfn Guðmundsdóttir
deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu